

**Nd. 654. Frumvarp til laga [181. mál]**

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

**1. gr.**

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

**2. gr.**

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

Hjá hjónum kr. 50 000.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

**3. gr.**

Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. orðist svo:

**1. Einstaklingar og hjón:**

Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.

Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.

Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

**4. gr.**

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrir en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsg. 31. gr. þessara laga.